



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

DÓMUR

26. mars 2015

Mál nr. E-1932/2014:

Stefnandi: Óli Gneisti Sóleyjarson
(Jón Sigurðsson hrl.)

Stefndi: Seltjarnarnesbær
(Inga Björg Hjaltadóttir hdl.)

Dómari: Barbara Björnsdóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 26. mars 2015 í máli nr. E-1932/2014:

Óli Gneisti Sóleyjarson

(Jón Sigurðsson hrl.)

gegn

Seltjarnarnesbæ

(Inga Björg Hjaltadóttir hdl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 26. febrúar sl., var höfðað 20. maí 2014.

Stefnandi er Óli Gneisti Sóleyjarson, Grýtubakka 18 í Reykjavík.

Stefndi er Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2 á Seltjarnarnesi.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé skaðabótaskyldur gagnvart honum vegna ráðningar Soffíu Karlsdóttur í starf menningarfulltrúa stefnda í október 2012. Jafnframt krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.500.000 krónur í miskabætur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðbætur frá 20. maí 2014 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara er þess krafist að miskabótakrafa verði lækkuð. Þá krefst stefndi málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts og að dráttarvextir leggist á málskostnaðarkröfu frá fimmtánda degi eftir uppkvaðningu dóms og leggist við höfuðstól hennar á tólf mánaða fresti.

I

Þann 21. ágúst 2012 auglýsti stefndi í Morgunblaðinu laust til umsóknar starf menningarfulltrúa. Sagði í auglýsingunni að menningarfulltrúi væri yfirmaður Bókasafns Seltjarnarness og annarra málefna er tengdust menningarmálum. Í auglýsingunni var jafnframt lýst almennu ábyrgðar- og starfssviði, en hlutverk þess væru að samræma og hafa með höndum umsjón og ábyrgð með menningarviðburðum, sérfræðistörf við almannatengsl og útgáfu kynningarefnis, auk þess að sjá um textagerð á heimasíðu bæjarins, hafa umsjón með rekstri Bókasafns Seltjarnarness, umsjón Fræðaseturs í Gróttu, félagsheimilis og safna bæjarins, umsjón og eftirlit með gerð fjárhags- og starfsáætlana á því sviði sem heyra undir viðkomandi, sem og kostnaðareftirlit, umsjón með áætlanagerð verkefna sem heyra undir viðkomandi, umsjón með og ábyrgð á vinnu fyrir nefndir er heyra undir menningarsvið, annast samskipti við fjölmiðla, skipuleggja viðburði á vegum bæjarins og hafa umsjón með

vinabæjarsamskiptum og samskiptum við félagasamtök og sjálfstæðar stofnanir á sviði menningarmála.

Jafnframt var gerð grein fyrir þeim menntunar- og hæfniskröfum sem gerðar voru til umsækjenda. Gerð var krafa til háskólamenntunar sem nýttist í starfi, reynslu og þekkingar á menningarmálum, haldbærrar reynslu af áætlanagerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu, hugmyndaauðgi og skýrrar framtíðarsýnar, reynslu og þekkingar á málefnum sveitarfélaga, hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli og hæfni í mannlegum samskiptum. Umsóknarfrestur var til 14. september 2012 og sóttu alls 29 einstaklingar um starfið.

Stefnandi var á meðal umsækjanda um starfið. Hann hefur BA próf í bókasafns- og upplýsingafræðum frá Háskóla Íslands, auk MA prófs í hagnýtri menningarmiðlun, diplóma gráðu í opinberri stjórnsýslu og MA prófs í þjóðfræði. Þá hefur hann starfsreynslu sem bókasafns- og upplýsingafræðingur og hefur frá árinu 2012 verið forstöðumaður bókasafns Iðnskólans í Hafnarfirði. Stefnandi var einn átta umsækjanda sem boðið var í starfsviðtal.

Með bréfi, dags. 15. október 2012, undirrituðu af Ara Eyberg hjá fyrirtækinu Intellecta ehf. fyrir hönd stefnda, var stefnanda tilkynnt um að gengið hefði verið frá ráðningu í starfið og að annar umsækjandi, Soffía Karlsdóttir, hefði verið ráðin í það. Í bréfinu kom fram að ráðningarnefnd, sem samanstóð af Ara og Gunnari Lúðvíkssyni, fjármálastjóra stefnda, hefði metið umsóknir og tekið viðtöl við átta umsækjendur. Þá var því lýst hvaða viðmið hefðu verið lögð til grundvallar við mat á umsækjendum og veittur rökstuðningur fyrir ráðningu Soffíu Karlsdóttur í starfið.

Stefnandi taldi að fram hjá sér hefði verið gengið við ráðninguna þar sem hann uppfyllti menntunarskilyrði laga til starfsins en Soffía ekki. Stefnandi kvartaði því til umboðsmanns Alþingis vegna málsins 14. janúar 2013. Í kvörtun stefnanda kom fram að hann teldi að með ákvörðun um ráðningu hafi lög og meginreglur stjórnsýsluréttar verið brotnar, m.a. af þeirri ástæðu að stjórnvaldinu hafi borið að ráða í starfið umsækjanda með próf í bókasafns- og upplýsingafræði samkvæmt lögum um almenningsbókasöfn. Stefnandi hafi lokið því prófi, en sú er ráðin hafi verið í starfið ekki.

Umboðsmaður Alþingis skilaði niðurstöðu í kvörtunarmáli stefnanda 23. janúar 2014. Hann taldi sig ekki hafa forsendur til þess að gera athugasemd við ráðningu í starfið, þótt betur hefði farið á því að það væri skýrar tilgreint í auglýsingu um starfið hvort um faglega forstöðu bókasafnsins væri að ræða. Umboðsmaður ritaði stefnda einnig bréf sama dag þar sem hann kom á framfæri athugasemdum og ábendingum með það í huga að stefndi hugaði betur að meðferð sambærilegra mála í framtíðinni. Umboðsmaður taldi að bréf starfsmanns Intellecta, fyrir hönd sveitarfélagsins, þar sem ákvörðun hafi verið tilkynnt áður en hún hafi verið tekin og

veittur rökstuðningur fyrir henni, hafi ekki verið í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Hann taldi sig þó ekki hafa forsendur til þess að fullyrða að þessi annmarki hafi haft áhrif á niðurstöðu málsins. Umboðsmaður fann einnig að því að ákvörðunin hafi verið tilkynnt á vefsíðu stefnda 15. október 2012, áður en ákvörðun bæjarstjórnar hafi legið fyrir. Þá taldi hann að betur hefði mátt standa að auglýsingu í starfið. Að lokum taldi hann ástæðu til þess að minna á mikilvægi þess að stjórnvöld sem kaupir aðstoð ráðningarþjónustu gæti vel að því að hún sé rækt þannig að þeim kröfum sem leiði af sérstöðu opinberra aðila sem stjórnvalda og reglum um þau sé fylgt.

Með bréfi, dags. 26. mars 2014, tilkynnti stefnandi stefnda um fyrirhugaða málshöfðun vegna kröfu hans um skaðabætur og miskabætur, yrði ekki samið um kröfuna. Með bréfi stefnda, dags. 2. maí 2014, var kröfum stefnanda hafnað.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum ásamt Gunnari Lúðvíkssyni, Pálinu Magnúsdóttur, Bjarna Torfa Álfþórssyni og Vilborgu Soffiu Karlsdóttur.

II

Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á því að ákvörðun stefnda um ráðningu Soffiu Karlsdóttur í starf menningarfulltrúa stefnda hafi verið ólögmæt og saknæm og haldin það verulegum annmörkum að hún sé ógildanleg að stjórnsýslurétti. Stefnandi hafi uppfyllt skilyrði laga til þess að hljóta hið auglýsta starf, en Soffía ekki. Stefndi hafi með hinni ólögmætu ákvörðun, og um leið höfnun á því að ráða stefnanda í starfið, bakað honum fjártjón og miska.

Málatilbúnaður stefnanda, um ólögmæti og ógildi ákvörðunar stefnda, byggist fyrst og fremst á því að ráðningin hafi brotið í bága við lög nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn. Í 2. mgr. 8. gr. laganna sé mælt fyrir um að við mannráðningar skuli tryggja eftir föngum að almenningsbókasöfn hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfi verksviði safnanna. Forstöðumaður almenningsbókasafns skuli, sé þess kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Af ákvæðinu leiði að þegar þess sé kostur að ráða einstakling með próf í bókasafns- og upplýsingafræði í starf forstöðumanns almenningsbókasafns beri stjórnvaldi að ráða slíkan aðila til starfans.

Í auglýsingu um starfið hafi skýrlega komið fram að menningarfulltrúi væri „yfirmaður Bókasafns Seltjarnarness“ og hafi það, samkvæmt auglýsingunni, verið megininntak starfsins. Af gögnum málsins sjáist að Soffía Karlsdóttir, sem ráðin hafi verið í starfið, hafi ekki haft slíkt próf. Stefnandi, sem hafi verið meðal umsækjenda um starfið, hafi haft próf í bókasafns- og upplýsingafræði. Hann byggir á því að stefndi hafi við ráðninguna hvort tveggja virt að vettugi þá reglu 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997 að tryggja að almenningsbókasafnið á Seltjarnarnesi hefði á að skipa

forstöðumanni með sérmenntun sem hæfði verksviði safnsins og að ráða í starf forstöðumanns umsækjanda sem hefði próf í bókasafns- og upplýsingafræði. Af þeim sökum sé ákvörðun um ráðningu ólögmæt.

Af þessari ótvíræðu lagaskyldu, sem hvílt hafi á stefnda, leiði að hvernig svo sem auglýsing um starf menningarfulltrúa hafi verið orðuð, hafi stefndi ekki getað vikið sér undan því að ráða í starfið einstakling með háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræði, enda hafi stefndi sannanlega verið að ráða í starf forstöðumanns almenningsbókasafns.

Stefnandi telji einnig að ákvörðun um ráðningu sé ólögmæt af þeirri ástæðu að við ákvörðunartöku um ráðningu hafi stjórnvaldið brotið gegn ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993 og að málsmeðferðin hafi ekki samræmst góðum stjórnsluháttum. Ákvörðunin um ráðningu sé stjórnvaldsákvörðun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga. Slík ákvörðun verði að byggjast á traustum og lögmætum grunni. Sá sem hana taki verði að fara í einu og öllu að ákvæðum stjórnslulaga nr. 37/1993 og öðrum viðurkenndum meginreglum stjórnsluréttar. Málsmeðferð stefnda hafi verið verulega ábótavant að þessu leyti. Stefndi sé, sem stjórnvald, bundinn af því að taka ákvarðanir sem samræmist lögum, sbr. lögmætisreglu stjórnsluréttar. Með vísan til þess sem að framan greini megj ljóst vera að ákvörðunina skorti lögmæti. Hún hafi því gengið í berhögg við lögmætisreglu stjórnsluréttar.

Stefnandi telji ákvörðunina einnig ólögmæta þar sem hún hafi verið tekin af allt öðrum aðila en stjórnvaldinu sjálfu, a.m.k. ekki af bærum aðila innan stjórnkerfisins, heldur af utanaðkomandi aðila, sem sé einkafyrirtæki. Eins og sjáist af bréfi Intellecta til stefnanda, dags. 15. október 2012, hafi ráðgjafa hjá Intellecta verið falið að að fara með málið og rannsaka það. Enda þótt tiltekið sé í bréfinu að fjármálastjóri stefnda hafi komið að ráðningarferlinu virðist einsýnt að hinn utanaðkomandi aðili, þ.e. Intellecta, hafi stjórnað málsmeðferðinni. Umboðsmaður Alþingis finni að þessu í bréfi til stefnda. Ekki verði betur séð en að sami aðili hafi tekið ákvörðun um hver væri ráðinn, burtséð frá því hvort fjármálastjóri stefnda hafi komið með einhverjum hætti að þeirri ákvörðun. Sá aðili sem farið hafi með ráðningarvaldið, bæjarstjórn stefnda, hafi ekki komið að ákvörðunartökunni og þannig ekki tekið sérstaka ákvörðun um ráðningu í starfið, svo sem borið hefði að gera áður en til ráðningar kæmi. Bæjarstjórn hafi hins vegar staðfest á fundi sínum 25. október 2012 fundargerð fjárhags- og launanevndar stefnda, sem hafi samþykkt „tillögu Intellecta ehf. um að ráða Soffiu Karlsdóttur“ í starfið, en sú samþykkt bæjarstjórnar hafi ekki farið fram fyrir en um tíu dögum eftir að hinn utanaðkomandi aðili, Intellecta, hafi tilkynnt umsækjendum ákvörðun um að ráða Soffiu í starfið. Einu gildi í þessu sambandi hvenær ráðningarsamningur hafi verið gerður við Soffiu Karlsdóttur. Ákvörðun hafi verið tekin og tilkynnt með bréfi, dags. 15. október 2012. Með þessari

tilhögun hafi stefndi framselt til þriðja aðila, þ.e.a.s. einkaaðila, stjórnarsýsluvald, en slíkt framsal fái enga stoð í lögum og sé því ólöglegt.

Stefnandi telji að stefndi hafi, við meðferðina á málinu og við ákvörðunartöku, brotið gegn rannsóknarreglu 10. gr. stjórnarsýslulaga. Þetta eigi einkum stoð í því að stefnda hafi verið og mátti vera fullkunnugt um þær lagalegu skyldur sem á sveitarfélaginu hafi hvílt við ráðningu í auglýst starf forstöðumanns almenningsbókasafns stefnda. Stefnda hafi borið, í samræmi við ákvæðið, að tryggja að einstaklingur með próf í bókasafns- og upplýsingafræði yrði ráðinn, sækti slíkur aðili á annað borð um starfið. Ljóst sé að stefndi hafi annað hvort ekki rannsakað málið nægjanlega út frá umsóknargögnum og framangreindu lagaboði eða hafi kosið að virða lagafyrirmæli sem á honum hafi hvílt að vettugi við rannsókn málsins. Verulegar brotalamir hafi því verið á rannsókn málsins. Stefnandi byggir á því að brot stefnda gegn rannsóknarreglunni hafi enn fremur falist í því að stefndi hafi falið utanaðkomandi aðila að fara með rannsókn málsins, í stað þess að rannsaka það sjálfur.

Þar sem stefndi hafi ekki farið að lögum um almenningsbókasöfn, telji stefnandi að hann hafi brotið gegn meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga. Honum hafi verið í lófa lagið að fara að lagafyrirmælum um áskilda menntun forstöðumanns almenningsbókasafns og hafi getað náð því lögmæta markmiði með ráðningu umsækjanda sem hafði hið tilskilda próf í bókasafns- og upplýsingafræði. Með ráðningu umsækjanda sem ekki hafði hið áskilda próf hafi stefndi, sem stjórnvald, farið mun strangar í sakirnar en nauðsyn hafi borið til.

Stefnandi bendir á að það starf sem hér um ræði og hafi verið auglýst, sé starf forstöðumanns Bókasafns Seltjarnarness, þ.e. starf forstöðumanns sem fjallað sé um í 8. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn. Gildi því einu þótt stefndi hafi kosið að setja auglýsinguna í þann búning að verið væri í leiðinni að ráða „menningarfulltrúa“. Sú útfærsla geti á engan hátt dregið úr skyldum stefnda samkvæmt lögum. Hið sama eigi við um eftir á skýringar stefnda á því hvað hafi falist í auglýsingu eða að viðkomandi sinni fleiri störfum en starfi forstöðumanns bókasafns. Eins og sjá megi af auglýsingu um starfið sé það aðalstarfsskylda menningarfulltrúa að vera yfirmaður bókasafns. Þá vísi stefnandi til þess að mat á hæfni til þess að sinna starfi menningarfulltrúa geti engu ráðið um réttmæti og lögmæti þess að hafa ráðið í starfið með þeim hætti sem gert hafi verið.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi brotið í bága við skyldur sínar samkvæmt V. kafla stjórnarsýslulaga með því að láta Intellecta ehf., hinn utanaðkomandi aðila í ráðningarferlinu, tilkynna um ákvörðun um ráðningu í starfið, án þess að ákvörðun um hana hefði verið tekin og veita rökstuðning fyrir henni. Þetta staðfesti umboðsmaður Alþingis í bréfi til stefnda, dags. 23. janúar 2014. Hið sama eigi við um tilkynningu

sem birt hafi verið á vefsíðu stefnda um ráðninguna 15. október 2012, áður en bæjarstjórn hafi tekið ákvörðun í málinu.

Samkvæmt frétt í Fréttatímanum 1. febrúar 2013 hafi starfsmanni stefnda verið sagt upp vegna mistaka í ráðningu yfirmanns á sviði starfsmannsins, þar sem nýi yfirmaðurinn hafi ekki haft menntun til að sinna öllum þeim störfum sem starf hans næði yfir. Undirmaðurinn hafi ekki verið tilbúinn til þess að taka við nýju starfi án launahækkunar og hafi því verið sagt upp störfum. Samhliða þessu hafi stefndi auglýst starf deildarstjóra bókasafns stefnda laust til umsóknar. Í svörum stefnda til umboðsmanns Alþingis vegna þessara fréttuumfjöllunar hafi hann ekki borið brigður á sannleiksgildi fréttarinnar. Verði því að ganga út frá því að fréttin sé efnislega rétt og náí til atvika og eftirmála ráðningar í starf menningarfulltrúa stefnda. Stefndi virðist því augljóslega hafa í ársbyrjun 2013, í kjölfar þess að stefnandi hafi ritað kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna ráðningarinnar, brugðist við og gert tilraunir til þess að gera undirmann á bókasafni Seltjarnarness að deildarstjóra, vegna hinnar umræddu lagaskyldu. Sú ráðstöfun og auglýsing á starfi deildarstjórans staðfesti að forstöðumaður Bókasafns Seltjarnarness hafi ekki haft tilskilda menntun í bókasafns- og upplýsingafræði. Í því og ráðningu hans hafi falist lögbrot af hálfu stefnda. Í bréfi til umboðsmanns Alþingis vísi stefndi til 11. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012, sem sé efnislega sambærilegt 2. mgr. 8. gr. fyrr gildandi bókasafnslaga nr. 36/1997. Stefndi byggi þannig í raun á því sjálfur að honum beri lagaleg skylda til þess að hafa einstakling með próf í bókasafns- og upplýsingafræðum sem forstöðumann bókasafnsins. Stefnandi byggi á því að þessi yfirlýsing stefnanda, og sérstaklega í ljósi þess að auglýsingin 2. febrúar 2013 hafi komið í kjölfar kvörtunar stefnanda til umboðsmanns Alþingis á ráðningu Soffiu Karlsdóttur, feli í raun í sér að stefndi viðurkenni að hafa með þeirri ráðningu brotið í bága við ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997, enda hafi hún ekki verið með þá menntun sem lög krefjist.

Að því er varði fyrri dómkröfu stefnanda, um viðurkenningu á skaðabótaskyldu, sé bent á að ráðningin hafi hvort tveggja verið ólöglegt og háð svo verulegum annmörkum að hún hafi verið ógildanleg að stjórnarsýslurétti, sbr. framangreint. Því beri stefndi ábyrgð á því fjártjóni sem hann hafi valdið stefnanda með sagnæmum og ólöglegum hætti. Stefnandi leiti viðurkenningardóms á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann hafi ótvíræða lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar og telji skilyrði skaðabótaábyrgðar uppfyllt og um leið sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni. Tjón stefnanda leiði af því að hann hafi ekki hlotið ráðningu í starf menningarfulltrúa, þrátt fyrir að hafa uppfyllt skilyrði laga til að hljóta starfið. Tjónið nemi launum menningarfulltrúa stefnda í a.m.k. tvö ár frá ráðningu, að frádregnum launum sem hann hafi fengið greidd í því starfi sem hann hafi sinnt á sama tímabili, sbr. dómvenju

um slíkan frádrátt. Ekki liggi fyrir upplýsingar um það nákvæmlega hver launakjör menningarfulltrúa stefnda séu, en stefnandi telji ljóst að þau séu hærri en þau sem hann hafi notið í því starfi sem hann hafi gegnt á tímabilinu, sem forstöðumaður bókasafns Iðnskólans í Hafnarfirði.

Miskabótakrafa sé reist á því að stefndi hafi með framferði sínu í tengslum við hina ólögsmætu ráðningu valdið stefnanda ólögsmætri meingerð gegn æru og persónu hans og beri því bótaábyrgð vegna þess miskatjóns sem hann hafi orðið fyrir. Til þess verði einnig að líta í þessu sambandi að stefnandi hafi uppfyllt kröfur laga til þess að hljóta starfið. Því hafi miski hans orðið enn meiri en ella. Með því framferði að þverbrjóta ákvæði laga um almenningsbókasöfn með ráðningu í starfið, hafi hann valdið stefnanda, sem hafi haft lögbundna menntun sem umsækjandi til þess að hljóta starfið, álitshnekki, rýrt starfsheiður hans, smánað hann og valdið honum miklum óþægindum. Með ráðningu í starfið og því að ganga fram hjá stefnanda hafi menntun stefnanda, starfsferill og starfsreynsla verið sniðgengin á einkar niðurlægjandi hátt og verið höfð að engu. Stefnandi bendi á að það gildi einu varðandi miskabótakröfuna þótt í ljós komi að fleiri umsækjendur en hann hafi haft hina tilskildu menntun samkvæmt lögum. Miskatjón stefnda af því að hafa verið sniðgenginn ólöglega við ráðningu samkvæmt framansögðu liggi fyrir. Krafan styðjist við ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999.

Stefnandi vísi til almennra reglna samninga- og kröfuréttar, vinnuréttar, stjórnarsýsluréttar og sveitarstjórnarréttar. Hann vísi einnig til almennu skaðabótareglunnar, til laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn, stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, m.a. 2. mgr. 25. gr. Einnig sé vísað til 1. mgr. 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993. Stefnandi krefjist dráttarvaxta, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá og með málshöfðunardegi, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Einnig sé vísað til III. kafla þeirra laga. Krafa um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, aðallega 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði byggist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur. Til að tryggja skaðleysi sitt sé honum nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

III

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að það sé rangt að hann hafi brotið gegn 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn. Ljóst sé að starf menningarfulltrúa og starf forstöðumanns almenningsbókasafns séu ekki eitt og sama starfið heldur sé um gjörólík starfssvið að ræða. Það sé ekki rétt að megininntak starfsins hafi verið rekstur bókasafnsins. Af auglýsingu um starfið og því mati sem

fram hafi farið við ráðninguna sjáist að rekstur bókasafns hafi aðeins verið lítill hluti heildarviðmiðunar þeirrar sem fram hafi farið þegar hæfi umsækjanda hafi verið metið. Starf menningarfulltrúa falli því ekki undir sömu lög og starf forstöðumanns bókasafns.

Í 1. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn segi að slík bókasöfn séu upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra sé að veita greiðan aðgang að bókakosti og öðrum miðlunargögnum. Í athugasemdum við 1. gr. í frumvarpi því er orðið hafi að framangreindum lögum segi að meginþungi sé lagður á að veita upplýsingar og aðgengi að margmiðlunartækni svo að sem flestir geti hagnýtt sér þekkingarmiðlun og fróðleik sem bókasöfn hafi upp á að bjóða. Gildissvið laganna sé því bundið við starfsemi almenningsbókasafna og þeirrar þjónustu sem þar fari fram.

Lagt hafi verið mat á tilgreinda ólíka þætti við ráðningu í starf menningarfulltrúa, þ. á m. menntun sem nýttist í starfi. Stefnandi og Soffía Karlsdóttir, sem hafi hlotið starfið, hafi fengið ólíkt skor út úr því mati. Soffía hafi menningarmiðaða menntun, ásamt rekstrar og viðskiptafræðimenntun, sem ekki síður reyni á í starfi menningarfulltrúa en hæfi til að gegna forstöðu bókasafns sveitarfélagsins.

Hæfisskilyrði 8. gr. þágildandi laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn geri kröfu um að sá sem gegni starfi forstöðumanns almenningsbókasafns skuli, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi. Bæði Soffía Karlsdóttir og stefndi hafi í raun uppfyllt skilyrði um menntun hvað forstöðu almenningsbókasafns varði, en Soffía hafi að auki haft menntun sem hentaði betur hvað varði aðra hluta starfs menningarfulltrúa en umsjón með rekstri bókasafns. Lög nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn útlisti ekki nánar hvað felst í jafngildu námi, en þegar lagaákvæði séu orðuð með þessum hætti ákveði stjórnvaldið sjálf hvaða málefnalegu sjónarmið það leggi áherslu á, nema lög eða almenn stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um vægi sjónarmiða. Í þessu tilfelli kveði hvorki lög né almenn stjórnvaldsfyrirmæli á um vægi sjónarmiða með öðrum hætti en þeim, að áskilin sé tiltekin menntun eða menntun sem sé metin jafngild. Þá beri að líta til þeirra sjónarmiða sem gildi í vinnurétti, þar sem vinnuveitanda sé almennt ljáð ákveðið frelsi til að veita og meta kosti og galla þeirra sem sækja um starf og taka ígrundaða ákvörðun út frá því mati.

Í athugasemdum við 8. gr. laga nr. 36/1997 segi að forstöðumaður bókasafns skuli að jafnaði vera bókasafnsfræðingur að mennt og að bókasafnsfræðingar skuli að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavardarstarfa. Ákvæðið sé því matskennt, enda samrýmist það 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um jafnræði manna óháð stöðu.

Telja verði að röksemdir stefnda, fyrir því að brotið hafi verið ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn, eigi ekki við þar sem ákvæðið

takmarkist við starf forstöðumanns almenningsbókasafns. Ekki hafi verið ráðið í starf forstöðumanns almenningsbókasafns, heldur starf menningarfulltrúa sem m.a. feli í sér umsjón með rekstri almenningsbókasafns. Jafnvel þótt talið yrði að ákvæðið ætti við um starf menningarfulltrúa sé ljóst að stefndi hafi uppfyllt skilyrði þess. Enginn bótagrundvöllur sé því til staðar og beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda þá þegar.

Þeirri staðhæfingu að lögmætisregla stjórnarsýsluréttar hafi verið brotin sé mótmælt. Lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 eigi ekki við um starf menningarfulltrúa heldur einskorðist forgangsréttur grundvallaður á menntun við starf forstöðumanns bókasafns. Enginn grundvöllur sé því fyrir vísun stefnanda til lögmætisreglu. Þótt fallist yrði á að lögin ættu við sé ljóst að ekki hafi verið brotið gegn lögmætisreglunni. Þegar hið opinbera ráði í störf reyni á regluna um skyldubundið mat stjórnvalda. Þegar fleiri en einn aðili uppfylli almenn hæfisskilyrði sé það grundvallarregla í stjórnarsýslurétti að velja beri þann umsækjanda sem hæfastur sé talinn á grundvelli málefnalegra sjónarmiða. Gerð sé sú krafa að aðilar séu felldir undir sama hatt hvað matsliði varði, líkt og gert hafi verið við ráðningu menningarfulltrúa sveitarfélagsins. Gefin hafi verið stig eftir fyrir fram ákveðnum kvarða og loks tekin einstaklingsbundin viðtöl við aðila. Tilhögun við ráðningu samræmist ekki aðeins reglunni um skyldubundið mat stjórnvalda heldur einnig réttmætisreglu stjórnarsýsluréttarins, enda sé ljóst að byggt hafi verið á málefnalegum sjónarmiðum við ráðningu í starfið. Það sé meginregla í vinnurétti að vinnuveitendur hafi tiltölulega frjálst mat um hvern þeir ráði til starfa, svo fremi sem slíkt mat sé grundvallað á málefnalegum forsendum. Málsmeðferðin hafi því samræmist stjórnarsýslulögum nr. 37/1997 og byggst á lögmætum grunni. Ljóst sé að ef lög um almenningsbókasöfn eigi við um ráðningu menningarfulltrúa þá hafi lagaákvæðum eldri laga, sem hafi verið í gildi við ráðninguna, verið uppfyllt.

Stefndi mótmælti þeirri fullyrðingu að ákvörðun um ráðninguna hafi ekki verið tekin af stjórnvaldinu sjálfu heldur utanaðkomandi aðila. Stjórnarsýsluvald hafi ekki verið framselt einkaaðila við ráðningu í stöðuna. Í 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sbr. 16. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, sé sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga tryggður. Í 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 segi að sveitarstjórn ráði starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélagi og veiti þeim lausn frá starfi. Ráðningu annarra starfsmanna annist framkvæmdastjóri, enda hafi sveitarstjórn ekki ákveðið annað í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða með almennum fyrirmælum. Í þágildandi skipuriti sveitarfélagsins komi fram að bæjarstjórn kjósi í nefndir og ráð og að nefndir heyri undir bæjarstjórn, þ. á m. fjárhags- og launanefnd. Í samþykktum sveitarfélagsins sé m.a. að finna starfsmannastefnu þess þar sem m.a. sé kveðið á um heimild til þess að dreifa valdi,

ábyrgð og ákvarðanatöku í stjórnkerfinu, þannig að sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna sé sem mest, en sé jafnhliða háð öfluglu samræmingar- og eftirlitskerfi, einkum í fjármálum og starfsmannamálum. Í samþykktunum segi enn fremur í 8. gr. að bæjarstjórn skuli annast ráðningu bæjarstjóra, framkvæmdastjóra sviða og forstöðumenn stofnana, sbr. 54. gr. og 56. gr. sveitarstjórnarlaga. Í 3. mgr. 8. gr. regnanna segi að bæjarstjóri annist ráðningu annarra starfsmanna að fenginni tillögu forstöðumanna stofnana. Í tilviki stefnda hafi ráðningin verið grundvölluð á niðurstöðu ráðningarferlis sem hafi verið í höndum ráðningarfyrtækisins Intellecta ehf. og afstöðu fjárhags- og launanevndar. Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri sveitarfélagsins, hafi séð um yfirstjórn ferlisins. Undirbúningsvinna af hálfu ráðningarfyrtækisins og afstaða fjárhags- og launanevndar hafi verið ráðgefandi og í samræmi við þágildandi samþykktir sveitarfélagsins. Ákvörðun um veitingu starfs hafi ávallt verið hjá bæjarstjórn. Stefndi hafi því ekki framselt stjórnsýsluvald til einkaaðila.

Því sé haldið fram í stefnu að ráðgjafa Intellecta ehf. hafi verið falið að fara með málið og rannsaka það og vísað um það til bréfs til stefnanda um ráðninguna. Af bréfinu megi sjá að fjármálastjóri sveitarfélagsins, Gunnar Lúðvíksson, hafi ekki síður komið að ráðningarferlinu. Stefnandi dragi aðkomu Gunnars í efa, án sönnunar þar um. Sönnunarbyrði um slíkt hvíli alfarið á stefnanda.

Stefnandi telji bréf umboðsmanns Alþingis til stefnda fela í sér áminningu í þá átt að ekki beri að fela einkaaðila að hafa umsjón með ákvörðun um ráðningu í störf. Af bréfinu megi hins vegar glöggjt ráða að engum tilmælum sé beint til stefnda, heldur sé einfaldlega um almenna athugasemd að ræða. Ekki hafi verið gerð athugasemd við ráðningarferlið í þessu tilliti.

Stefnandi haldi því fram að bæjarstjórn stefnda hafi ekki komið að ráðningu í starfið, heldur hafi tillaga Intellecta ehf. um ráðningu verið staðfest tíu dögum eftir að ráðið hafi verið í starfið. Stefndi mótmæli þessu. Ástæða þess að dagsetning ákvörðunarinnar hafi verið 24. október 2012, eða tíu dögum eftir að afstaða fjárhags- og launanevndar hafi verið bókuð á fundi 11. október 2012, sé sú að einungis hafi verið haldnir tveir fundir hjá bæjarstjórn í október 2012, annars vegar 10. október og hins vegar 24. október. Ráðningin hafi því verið tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar um leið og færi hafi gefist. Einhugur hafi verið um ráðninguna meðal meðlima bæjarstjórnar, en fimm af sjö fulltrúum í bæjarstjórn hafi einnig fjallað um ráðninguna sem nefndarmenn í fjárhags- og launanevnd. Þá hafi Soffiu Karlsdóttur verið gerð grein fyrir því að ekki væri um endanlega ákvörðun um ráðninguna að ræða fyrr en afstaða bæjarstjórnar lægi fyrir, þó svo að leiða mætti að því líkur að fyrirbyggjandi tillaga fjárhags- og launanevndar gæfi vísbendingu um lokaniðurstöðu.

Svo virðist sem stefnandi rugli saman ráðgefandi álit, sem samþykkt hafi

verið á fundi fjárhags- og launanevndar, og hinni eiginlegu ráðningu í starfið. Samþykkt ráðgefandi álits sé ekki hið sama og ákvörðun bæjarstjórnar sem hafi ekki legið fyrir fyrr en 25. október 2012. Staðhæfing um að ákvörðun um ráðninguna hafi ekki verið tekin af stjórnvaldinu sjálfu sé því einfaldlega röng.

Stefndi mótmæli því jafnframt að brotið hafi verið gegn 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1997 þar sem stefndi hafi ekki sjálfur tryggt að málið væri nægilega rannsakað áður en ákvörðun væri tekin í því. Einkaaðili hafi verið fenginn til að aðstoða við ráðningarferlið, en slíkt sé heimilt svo fremi sem ekki sé gefinn neinn afsláttur af málsmeðferðarreglum, s.s. rannsóknarskyldu. Ljóst sé að mjög hafi verið vandað til verks við val á hentugum aðila til að gegna starfinu. Litið hafi verið til menntunnar og fleiri þátta sem teljist málefnalegir í skilningi meginreglunnar um skyldubundið mat stjórnvalda og réttmætisreglu stjórnsýsluréttarins. Eins og greint hafi verið eigi lög um almenningsbókasöfn ekki við um ráðninguna. Því sé ekki unnt að halda því fram að sömu skilyrði séu fyrir ráðningu menningarfulltrúa og fyrir ráðningu forstöðumanns bókasafns. Ef lögin ættu við sé ljóst að rannsóknarskylda hafi verið uppfyllt af hálfu stjórnvaldsins, enda hafi yfirumsjón ráðningarferlisins verið í höndum forstöðumanns fjárhags- og launanevndar stefnda. Þá hafi þess verið gætt við meðferð málsins að rannsaka alla þætti þess fyllilega í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

Tilvísun stefnanda til brots á meðalhófsreglu sé mótmælt með sömu rökum og reifuð séu varðandi rannsóknarreglu. Meðferð málsins hafi verið fagleg og gætt hafi verið meðalhófs við meðferð þess, rannsókn og mat.

Stefnandi telji að stefndi hafi brotið gegn V. kafla stjórnsýslulaga með því að Intellecta ehf. hafi tilkynnt um ráðninguna. Þar með hafi stjórnvaldið sjálft ekki séð um að tilkynna hlutaðeigandi aðilum um niðurstöðu stjórnsýslumálsins, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 37/1993. Ákvörðun um ráðninguna hafi ekki verið tekin formlega fyrr en á fundi bæjarstjórnar 24. október 2012. Ekki hafi verið skrifað undir ráðningarsamning fyrr en ákvörðun bæjarstjórnar hafi legið fyrir. Annmarkinn sem stefnandi byggir á hafi ekki áhrif á niðurstöðu málsins að mati umboðsmanns Alþingis. Um sé að ræða minniháttar formgalla sem baki stefnda ekki með nokkru móti skaðabótaskyldu, enda fáist vart séð hvernig meðferð tilkynningar í ljósi aðstæðna eigi að hafa orðið stefnanda til tjóns.

Því sé haldið fram í stefnu að stefndi hafi viðurkennt að hafa farið á svig við ákvæði 8. gr. laga nr. 36/1997. Um það sé vísað til fréttar Fréttatímans frá 1. febrúar 2013. Stefnandi haldi því einnig fram í bréfi til umboðsmanns að vísun stefnda til 11. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997, feli í sér viðurkenningu á því að honum hafi borið lagaleg skylda til að ráða einstakling með próf í bókasafns- og upplýsingafræðum í starf forstöðumanns Bókasafns Seltjarnarness. Framangreindum málátilbúnaði stefnanda sé mótmælt sem röngum og

tilhæfulausum. Í tilvitnaðri frétt Fréttatímans sé fjallað um uppsögn á starfsmanni í stöðu forstöðumanns bókasafns sem hafi mátt rekja til þess að starfsmaðurinn hefði ekki haft tilskilda menntun til starfans. Í auglýsingu um stöðu deildarstjóra Bókasafns Seltjarnarness hafi þessi menntun verið gerð að skilyrði fyrir veitingu starfsins.

Aðdragandi ráðningar í stöðu menningarfulltrúa hafi átt röt sína að rekja til þess markmiðs stefnda að koma á fastmótaðri innri skipan sveitarfélagsins á ákveðnu sviði sem félli betur að stjórnunarlegu skipuriti bæjarfélagsins. Slíkur sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga sé stjórnarskrárvarinn, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 16. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Sem liður í því að styrkja stoðir innra skipulags bæjarstjórnar og nefnda á vegum bæjarins hafi stefnda þótt rétt að ráða menningarfulltrúa, sem m.a. kæmi til með að vera yfirmaður bókasafnsins á Seltjarnarnesi. Birting auglýsingar vegna stöðu deildarstjóra Bókasafns Seltjarnarness, þar sem tiltekin menntun hafi verið tilgreind sem forsenda ráðningar, sé alls óskyld ráðningu stefnda í stöðu menningarfulltrúa. Stefndi blandi hér saman tveimur aðskildum málum. Frétt Fréttatímans hafi fjallað um uppsögn aðila í allt öðru starfi en þetta mál fjalli um. Því sé einnig mótmælt að aðalstarfsskylda menningarfulltrúa sé að vera yfirmaður bókasafnsins. Sú staðhæfing sé órökstudd og samræmist ekki gögnum málsins. Eðli málsins samkvæmt hafi stefndi talið sér skylt að ráða í stöðu deildarstjóra Bókasafns Seltjarnarness í samræmi við 1. mgr. 11. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012, sbr. 2. mgr. 8. gr. eldri laga nr. 36/1997, þar sem starfið hafi einskorðast við deildarstjórnun á bókasafni sem í felist að bera faglega ábyrgð á og hafa umsjón með daglegri starfsemi bókasafnsins, öfugt við starf menningarfulltrúa sem feli í sér mun víðtækara starfssvið. Vísun stefnda til téðra lagaákvæða sýni fyrst og fremst að hann leitist við að stuðla að góðum stjórnsýsluháttum og að virða lög í hvívetna. Í því að auglýsa starf deildarstjóra bókasafns og gera framangreindar hæfniskröfur felist ekki að stefndi telji að menningarfulltrúinn sem ráðinn hafi verið uppfylli ekki hæfisskilyrði bókasafnalaga, enda sé ljóst að um tvö ólík störf sé að ræða.

Stefndi krefjist sýknu af kröfu stefnanda um miskabætur. Skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu ekki uppfyllt. Til að unnt sé að fara fram á miskabætur á grundvelli ákvæðisins þurfi að felast í hinni ólögsmætu meingerð saknæm hegðun. Með vísan til framangreinds sé ljóst að allir þeir sem sótt hafi um stöðuna hafi hlotið sömu meðferð og átt sama möguleika á starfinu. Þá sé ljóst að reglur stjórnsýsluréttar hafi verið virtar í hvívetna. Ekki hafi verið um að ræða meingerð gegn stefnanda heldur hafi einfaldlega annar aðili, sem metinn hafi verið hæfari til starfans, verið ráðinn samkvæmt fyrir fram ákveðnu ferli sem umsækjendur hafi verið metnir eftir. Ósannað sé að ásetningur eða gáleysi hafi staðið til þess að beita stefnanda meintri ólögsmætri meingerð. Gögn málsins sýni fram á hið gagnstæða,

að umsókn hans hafi fengið sömu málsmeðferð og umsóknir annarra umsækjenda. Beri því að sýkna stefnda af miskabótakröfu stefnanda. Varðandi kröfu um lækkun miskabótakröfu stefnanda vísi stefndi til sömu röksemda.

Þá telji stefndi tjón stefnanda ósannað í málinu. Með öllu sé ósannað að ráðning Soffíu Karlsdóttur í starf menningarfulltrúa hafi orðið til þess að rýra starfsheiður og valda stefnanda álíthnekki eða óþægindum. Þá hafi hann ekki gert líklegt að hann hefði verið ráðinn til starfans ef Soffía Karlsdóttir hefði ekki verið tekin fram yfir hann við ráðninguna. Því sé skortur á orsakasambandi milli ráðningar Soffíu Karlsdóttur í starf menningarfulltrúa og meintu tjóni stefnanda í málinu.

Stefndi byggji málatilbúnað sinn á meginreglum stjórnisýsluréttar, vinnuréttar og skaðabótaréttar. Jafnframt vísi hann til ákvæða 10. og 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Um málskostnaðarkröfu sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt sé gerð á grundvelli laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, þar sem lögmönnum sé gert að innheimta og skila virðisaukaskatti af tekjum. Stefndi sé ekki með virðisaukaskattsskylda starfsemi, sbr. 2. gr. laga nr. 50/1988, og beri honum því nauðsyn til þess að fá dóm fyrir þessum hluta kröfu sinnar úr hendi stefnanda. Krafa um greiðslu dráttarvaxta af málskostnaðarkröfu byggist á 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 6. og 12. gr. laga nr. 38/2001.

IV

Stefnandi krefst í máli þessu viðurkenningar á skaðabótaskyldu og miskabóta úr hendi stefnda. Krafa hans byggist á því að ákvörðun stefnda um ráðningu í starf menningarfulltrúa hafi verið ólögmat. Hann hafi uppfyllt hæfisskilyrði til þess að hljóta starfið, en það hafi Soffía Karlsdóttir, sem hlaut starfið, ekki gert. Að auki telur stefnandi að ákvörðunin hafi verið haldin það verulegum annmörkum að hún sé ógildanleg að stjórnisýslurétti.

Í auglýsingu stefnda um starfið kom fram að auglýst væri eftir einstaklingi í starf menningarfulltrúa. Fram kom að menningarfulltrúi væri „yfirmaður Bókasafns Seltjarnarness og annarra málefna er tengjast menningarmálum“. Þá var almennu ábyrgðar- og starfssviði lýst í níu liðum og var þar meðal annars að finna „umsjón með rekstri Bókasafns Seltjarnarness“. Menntunar- og hæfniskröfur sem gerðar voru í auglýsingunni voru háskólamenntun sem nýttist í starfinu, reynsla og þekking á menningarmálum, haldbær reynsla af áætlanagerð, úrlausn verkefna og verkefnastýringu, hugmyndaauðgi og skýr framtíðarsýn, reynsla og þekking á málefnum sveitarfélaga, hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli og hæfni í mannlegum samskiptum. Þá var tekið fram að menningarfulltrúi væri hluti af stjórnendateymi stefnda. Konur jafnt sem karlar voru hvött til að sækja um stöðuna og

var þess óskað að umsóknir yrðu sendar bæjarskrifstofum stefnda eða á netfang hans eigi síðar en 14. september 2012.

Um Bókasafn Seltjarnarness giltu á þessum tíma lög nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn, sbr. 2. gr., sbr. nógildandi 2. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012. Samkvæmt þágildandi 2. mgr. 8. gr. laga um almenningsbókasöfn skal bókasafn tryggja eftir föngum við mannaráðningar að almenningsbókasöfn hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfi verksviði safnanna. Þá skuli forstöðumaður almenningsbókasafns, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi.

Umsjón með ráðningunni, fyrir hönd stefnda, hafði Gunnar Lúðvíksson, þáverandi starfsmannastjóri stefnda og ritari fjárhags- og launanevndar. Þá leitaði stefndi til Ara Eyberg, ráðgjafa hjá Intellecta ehf., um aðstoð við ráðninguna. Þeir Gunnar og Ari tóku viðtöl við umsækjendur. Í viðtölunum fylltu þeir inn í tiltekna spurningalista og gáfu stig í samræmi við svör umsækjenda. Í málinu liggja frammi þeir listar sem fylltir voru út vegna stefnanda og Soffiu Karlsdóttur, auk töflu yfir stigagjöf allra umsækjenda sem tekin voru viðtöl við.

Stefnandi sætti sig ekki við að Soffía hefði hlotið starfið og kvartaði yfir stöðuveitingunni til umboðsmanns Alþingis 14. janúar 2013. Í niðurstöðu umboðsmanns, dags. 23. janúar 2014, telur hann ekki tilefni til þess að gera athugasemdir við þau sjónarmið sem lögð voru til grundvallar við ráðningu í starfið. Byggist niðurstaðan á því að ekki hafi verið talað um faglega forstöðu bókasafnsins í auglýsingu og þeirri skýringu stefnda að þrátt fyrir ráðningu sérstaks menningarfulltrúa yrði áfram í starfi deildarstjóri bókasafnsins, með próf í bókasafns- og upplýsingafræði, sem hefði með höndum stjórnunarhlutverk á bókasafninu undir yfirstjórn menningarfulltrúa.

Vitnið Gunnar Lúðvíksson skýrði frá því fyrir dóminum hvernig staðið hefði verið að ráðningu í framangreint starf menningarfulltrúa. Hann gerði grein fyrir því að skipuriti stefnda hefði verið breytt og stöðu bókasafnsins þar með. Þegar yfirmaður þess hefði hætt hefði verið ákveðið að ráða í stöðu menningarfulltrúa, sem hefði með höndum ýmis menningartengd störf. Starfið feli í sér að vera yfirmaður menningarsviðs, sem bókasafnið heyrði undir. Aðrir starfsmenn sjái um faglegu hliðina. Aðspurður taldi hann að menningarfulltrúinn yrði að teljast vera sá sem veitti starfinu forstöðu í skilningi 8. gr. laga um almenningsbókasöfn. Deildarstjóri safnsins væri ekki forstöðumaður þess. Hann taldi að lagaákvæðið hefði ekki verið haft sérstaklega í huga við ráðninguna, en þýðing þess hefði þó verið rædd einhvern tíma.

Vitnið Bjarni Torfi Álfþórsson, nefndarmaður í fjárhags- og launanevnd stefnda, greindi frá því að hann hefði tekið þátt í umræðum um ráðninguna á

nefndarfundu. Hann taldi að lagakröfur hefðu ekki verið til umræðu. Hann lýsti því að hluti af starfsskyldum menningarfulltrúans væri að vera forstöðumaður bókasafnsins.

Vitnið Pálína Magnúsdóttir greindi frá því að hún hefði verið bæjarbókavörður á Seltjarnarnesi fram til ársins 2012. Hún taldi það starf sem til umfjöllunar er í málinu vera það starf sem hún hefði gegnt, auk þess sem um fleiri verkefni væri að ræða. Hún hefði þó unnið að ýmsum menningartengdum verkefnum, auk þess að veita bókasafninu forstöðu.

Vitnið Soffía Karlsdóttir menningarfulltrúi skýrði frá því að hún veitti bókasafninu forstöðu. Þá greindi hún frá því að starfsmaður, sem hefði verið sagt upp störfum og fjallað væri um í frétt Fréttatímans 1. febrúar 2013, hefði ekki átt að taka við störfum Pálínu Magnúsdóttur, enda væri hún ekki með próf í bókasafns- og upplýsingafræðum. Það hefði verið leitað til annars starfsmanns um að taka á sig meiri ábyrgð og lengja vinnutíma, sem hefði hafnað því. Sú sem sagt hefði verið upp hefði gegnt starfi verkefnisstjóra og verið með til meðferðar mikið að málum sem vitnið myndi taka yfir. Til þess að styrkja faglega forystu í safninu hefði því verið eðlilegast að fá inn bókasafnsmenntaða manneskju, sem gert hafi verið í kjölfarið.

Að skýrslutökum fyrir dómi loknum, í upphafi málflutnings af hálfu stefnda, féll hann frá þeirri málsástæðu að ekki hafi verið ráðið í starf forstöðumanns Bókasafns Seltjarnarness, en byggir þess í stað á því að Soffía Karlsdóttir, sem ráðin hafi verið í starfið, hafi lokið prófi í jafngildu námi, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997.

Samkvæmt þessu er ágreiningslaust að með framangreindri auglýsingu var auglýst eftir starfsmanni til þess að veita Bókasafni Seltjarnarness forstöðu, auk þess að sjá um fleiri menningartengd verkefni. Við ráðninguna var því skylt að fylgja 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997 og ráða, væri þess kostur, einstakling sem lokið hefði prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildi námi.

Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 36/1997 segir um þessa grein að í þágildandi lögum hafi verið kveðið á um að við bæjarbókasöfn skuli forstöðumaður að jafnaði vera bókasafnsfræðingur, svo og að bókasafnsfræðingar skuli að jafnaði hafa forgangsrétt til bókavardarstarfa. Þá segir að mikilvægi þess að til almenningsbókasafna ráðist starfsfólk með sem traustasta menntun á starfssviði sínu sé áréttað með nokkru almennari hætti með 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins.

Í auglýsingu um starf menningarfulltrúa var ekki greint frá því að skilyrði til að hljóta starfið væri að hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða jafngildu námi, svo sem bar að gera. Svo virðist sem stefndi hafi ekki haft þessi skilyrði í huga við auglýsingu og ráðningu í starfið.

Við munnlegan málflutning kom fram að byggt væri á því af hálfu stefnda að M.A. próf Soffíu Karlsdóttur frá Háskólanum á Bifröst væri jafngilt prófi stefnanda í

bókasafns- og upplýsingafræðum í skilningi laga nr. 36/1997, en stefndi hefði nokkurt svigrúm til þess að meta hvað væri jafngilt nám. Í framangreindum lögum eða greinargerð með frumvarpi til þeirra er þess ekki getið hvað átt sé við með jafngildu námi, en ljóst þykir að hafa verði hliðsjón af því sem fram kemur um mikilvægi þess að starfsfólk hafi sem traustasta menntun sem hæfi verksviði bókasafna. Í greinargerð stefnda er greint frá því að Soffía hafi í raun uppfyllt hæfisskilyrði í starf forstöðumanns almenningsbókasafns, en þess er ekki getið á hvaða forsendum svo sé. Soffía greindi, í starfsumsókn sinni, frá framangreindu prófi sem M.A. prófi í menningar- og menntastjórnun úr félagsvísinda- og hagfræðideild Háskólans á Bifröst. Engin frekari gögn liggja fyrir um hvað í þessu námi felist og stefndi hefur ekki skýrt frekar frá því á hvaða hátt það geti talist jafngilt námi í bókasafns- og upplýsingafræði. Dómurinn telur ekki hægt að ráða af heiti prófgráðunnar að um jafngilt nám geti verið að ræða. Þykir stefndi því ekki hafa sýnt fram á að sá umsækjandi sem ráðinn hafi verið til starfans hafi lokið prófi sem talist geti jafngilt prófi í bókasafns- og upplýsingafræði, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 36/1997.

Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að ráðning Soffíu Karlsdóttur í starf menningarfulltrúa sem gegndi forstöðu Bókasafns Seltjarnarness hafi verið ólögmat af þeim sökum að ekki hafi verið gætt hæfisskilyrða laga nr. 36/1997 við ráðninguna. Í ljósi þeirrar niðurstöðu eru ekki efni til þess að fjalla um hvort stjórnarsýslureglur hafi verið brotnar við ráðninguna.

Að þessi niðurstöðu fenginni kemur næst til umfjöllunar hvort stefnandi á rétt á skaða- og miskabótum úr hendi stefnda vegna ráðningarinnar. Stefnandi krefst viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar. Að því er þessa kröfu stefnanda varðar er til þess að líta að hann var einn átta umsækjenda sem metnir voru hæfastir til að gegna embætti skrifstofustjóra. Samkvæmt matslista Gunnars Lúðvíkssonar og Ara Eyberg var honum raðað í 6. til 7. sæti þeirra átta. Þá kom fram í máli Gunnars fyrir dóminum að fleiri umsækjendur með menntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði hefðu verið í hópi umsækjenda. Ekki liggja fyrir gögn um aðra umsækjendur en stefnanda og Soffíu Karlsdóttur, utan þess matslista sem vísað hefur verið til. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi átt lögvarinn rétt til stöðunnar umfram aðra umsækjendur. Þykir ekki verða fullyrt að stefnanda hafi borið starfið umfram þá umsækjendur sem raðað var frammar honum í hæfnismatinu og verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda um viðurkenningu skaðabótaskyldu.

Krafa stefnanda um miskabætur byggist á því að stefndi hafi valdið honum ólögmati meingerð gegn æru og persónu hans. Líta verði til þess að stefnandi hafi uppfyllt kröfur laga til þess að hljóta starfið og miski hans hafi því orðið meiri en ella. Með því að ganga gegn lögum um almenningsbókasöfn hafi stefndi valdið honum

álitshnekki, rýrt starfsheiður hans, smánað hann og valdið honum miklum óþægindum, en starfsferill hans og starfsreynsla hafi verið sniðgengin á einkar niðurlægjandi hátt og verið höfð að engu. Krafa stefnanda byggist á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en samkvæmt henni er heimilt að láta þann sem ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Sú staðreynd að stefnandi hafi ekki fengið framangreint starf þykir ein og sér ekki valda því að hann eigi rétt til miskabóta. Hins vegar þykir sú staðreynd að gengið hafi verið fram hjá menntun hans og ráðinn starfsmaður sem ekki uppfyllti lagaskilyrði í starfið vera þess eðlis að hún geti bitnað á orðspori stefnanda. Í ljósi þess verður talið að uppfyllt séu skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993 til þess að dæma stefnanda miskabætur. Þykja þær hæfilega ákveðnar 500.000 krónur og bera þær dráttarvexti frá 20. maí 2014 í samræmi við kröfu stefnanda, en henni hefur ekki verið mótmælt.

Stefndi verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna.

Barbara Björnsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, Seltjarnarnesbær, greiði stefnanda, Óla Gneista Sóleyjarsyni, 500.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. maí 2014 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Barbara Björnsdóttir

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómi Reykjavíkur, 26. mars 2015.

Gjald kr. 4,250.-
Greitt.

